

Daníel Björnsson  
Krummahólum 6, íb. 5F  
111 REYKJAVÍK

18. ágúst 2004

FEL04080012/1001

Vísað er til erindis yðar, dags. 11. ágúst sl., þar sem óskað er álits ráðuneytisins á tilteknum atriðum er varða túlkun sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Í fyrsta lagi er spurt hvort það sé eðlilegt og í samræmi við sveitarstjórnarlög og góða stjórnsluhætti að bæjarstjóri ráði yfirmann sinn, t.d. formann bæjarráðs eða forseta bæjarstjórnar, sem undirmann til fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins. Spurning þessi er almenns eðlis og þykir þ.a.l. ekki unnt að svara henni nema á mjög almennan hátt.

Flest sveitarfélög hafa sett sér samþykktir um stjórn og fundarsköp og kemur þar fram hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga. Algengt er að kveðið sé á um að sveitarstjórn eða byggðarráð ráði æðstu stjórnendum en að framkvæmdarstjóri eða forstöðumenn ráði aðra starfsmenn. Siðferðilegar spurningar geta vissulega vaknað ef pólitískt kjörnir fulltrúar eru ráðnir sem starfsmenn fyrirtækja eða stofnana sveitarfélagsins en í sveitarstjórnarlögum er ekki að finna ákvæði sem beinlínis banna slíkar ráðningar.

Í öðru lagi er spurt, með vísan til 42. gr. sveitarstjórnarlaga, hvort starfsmenn fyrirtækja eða stofnana sveitarfélags séu hæfir til þess að fjalla í bæjarráði eða bæjarstjórn um fundargerðir ráða eða nefnda sem fjalla um málefni þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Tekið skal fram að með lögum nr. 69/2004 voru gerðar breytingar á sveitarstjórnarlögum og varð þá ákvæði 42. gr. laganna að 4. mgr. 40. gr. Í umræddu ákvæði er aðeins að finna takmörkun á kjörgengi í nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélags og er heimilt að víkja frá ákvæðinu ef hætta á hagsmunaaárekstrum er ekki talin fyrir hendi. Í lögnum er hins vegar ekki að finna nein ákvæði sem takmarka kjörgengi starfsmanna sveitarfélagsins til setu í sveitarstjórn eða byggðarráði.

Fulltrúa í sveitarstjórn og byggðarráði er skylt að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af, sbr. 1. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Ekki verður ráðið af ákvæðum laganna að kjörnir fulltrúar, sem jafnframt eru starfsmenn fyrirtækja eða stofnana sveitarfélagsins, séu almennt vanhæfir til að fjalla um fundargerðir er varða vinnuveitanda þeirra. Hæfi til þess að fjalla um einstaka liði fundargerða getur m.a. oltíð á eðli máls og þeirri stöðu sem viðkomandi fulltrúi gegnir hjá viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Almennt má segja að vanhæfi komi þannig síður til álita varðandi almenna starfsmenn heldur en forstöðumenn eða stjórnendum og einnig verður að telja ólíklegt að viðkomandi fulltrúa beri að víkja sæti ef einungis er um almennt afgreiðslumál að ræða.

F. h. r.

Guðjón Bragason (sign.)  
G. Dýrleif Kristjánsdóttir (sign.)